

REGLUGERÐ

um breyting á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.

1. gr.

Liður 3.2. orðist svo: Aðaluppdrættir.

2. gr.

Liður 3.5.1. orðist svo:

Rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum og árita þá hafa arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar, hver á sínu sviði, svo og búfræðikandidatar úr tæknideildum búnaðarháskóla að því er landbúnaðarbyggingar varðar, enda hafi framangreindir aðilar öðlast tveggja ára viðurkennda starfsreynslu á sínu sviði. Þeir, sem hlotið hafa þennan rétt, áður en byggingarlög nr. 54/1978 gengu í gildi, halda honum.

3. gr.

Liður 3.5.2. orðist svo:

Réttur til að gera uppdrætti er háður löggildingu, sem félagsmálaráðherra veitir, að fenginni umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags og Skipulagsstjórnar ríkisins. Þeir, sem gert hafa uppdrætti í einstökum byggingarnefndarumdæmum fyrir gildistöku laga nr. 54/1978 halda þeim staðbundnu réttindum. Ennfremur getur ráðherra veitt öðrum en þeim, er 3.5.1. tekur til, slík staðbundin réttindi, að fengnum meðmælum viðkomandi byggingarnefndar.

4. gr.

Liður 7.2.3. orðist svo:

Við ákvörðun álags gilda ákvæði ÍST 12 og 13, en varðandi efnisþol gilda ákvæði ÍST 10. Við hönnun bygginga skal hafa til hliðsjónar ÍST 14, 15 og 16, auk annarra staðla, sem Iðntæknistofnun Íslands samþykkir, sbr. 1.8. og 1.9.

5. gr.

Liður 7.5.8. orðist svo:

Um frágangsaþriði varðandi varmaleiðni visast til Rb blaðs nr. K. 101. Við útreikninga skal litið á vegg, loft og gólf milli einstakra íbúða, sem byggingarhluta með k -gildi = 0. Þegar reikna á vegið meðalgildi kólnunartölu fyrir útveggi í fjölbýlis- eða raðhúsaíbúð skal milliveggur milli íbúða reiknaður sem útveggur með $k = 0$.

6. gr.

Liður 9.1.1. orðist svo:

Brot gegn regugerð þessari varða sektum, sem renni í sveitarsjóð. Í refsímáli skal gefa sveitarstjórn kost á að koma með endurgjaldskröfu vegna kostnaðar, sem sveitarsjóður hefur haft vegna brotsins.

7. gr.

Liður 9.1.2., 2. mgr. orðist svo: Kostnað, skv. 9.1.1. og dagsektir skv. 9.1.2. má innheimta með lögtaki.

8. gr.

Liður 9.4.1. orðist svo:

Reglugerð þessi gildir fyrir allt landið. Við gildistöku hennar falla úr gildi byggingarsamþykktir og ákvæði annarra reglugerða og samþykktá, er brjóta í hág við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júlí 1979.

Magnús H. Magnússon.

Hallgrímur Dalberg.